



Jólaþveðja

***Félag íslenskra náttúrufræðinga óskar
félagsmönnum og fjölskyldum þeirra
gledilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.***

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 595-5175
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
Formaður og
framkvæmdastjóri

Runólfur Vigfússon
verkefnastjóri

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
Netútgáfa

Desemberuppbót

Starfsmaður sem er við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Þeir sem hafa hætt störfum á árinu njóta desemberuppbótar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sjá nánar ákvæði kjarasamninga.

Desemberuppbót 2018 verður **að lágmarki** sem hér segir:

Ríki:	89.000 kr.
Sveitarfélög:	113.000 kr.
Reykjavíkurborg:	97.100 kr.
Aðalkjarasamningur SA:	86.000 kr.

Mannabreytingar á skrifstofu félagsins

Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir hætti störfum í haust sem framkvæmdastjóri félagsins og á síðasta stjórnarfundum ákvað stjórn félagsins að Marianna H. Helgadóttir, formaður félagsins, myndi einnig sinna starfi framkvæmdastjóra.

Einnig var ákveðið að auglýsa eftir starfsmanni til starfa, sérfræðingi í kjaramálum, og stendur umsóknarferli yfir. Frestur til að sækja um starfið er til 3. desember nk. Framkvæmdastjórn félagsins ákvað að fá Capacent til að halda utan um ráðningarferlið. Framkvæmdastjórn félagsins stefnir á að ljúka ráðningarferlinu sem fyrst.

Sjóðir BHM

Við minnum félagsmenn okkar á að fylgjast með breytingum á úthlutunarreglum einstakra sjóða BHM, en gildistími nýrra reglna tekur yfirleitt gildi frá og með 1. janúar hvers árs.

Vísindasjóður FÍN

Kannaðu þetta, þú gætir átt rétt á styrk!

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá 1. desember 2018 til og með 31. janúar 2019. Eigi greiðsla að berast 19. desember nk. verður umsókn að berast eigi síðar en 16. desember 2018. Umsóknir sem berast frá og með 17. desember 2018 til 31. janúar 2019 verða greiddir í byrjun febrúar 2019. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 5. febrúar 2019, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2018 verður 165.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2017 til og með 31. október 2018 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda.

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FÍN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FÍN vegna félagsmanna FÍN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. **Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 176.000 kr. fyrir árið 2018, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.**

Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN - Mínar síður: <https://www.bhm.is/minar-sidur>.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt úr sjóðnum. Á almennum markaði er hægt að semja um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN og þá getur sá hinn sami sótt um styrk úr sjóðnum.

Ef þú veist ekki hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FÍN er best að fara inn á mínar síður og kanna það. Sjáir þú þar hnapp sem heitir Vísindasjóður þá áttu mögulega rétt úr sjóðnum. Ef enginn hnappur er sýnilegur þá áttu ekki rétt á greiðslum úr Vísindasjóði.

Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar eru á vefsvæði FÍN: <http://www.fin.is/sjodir-og-styrkir/visindasjodur/>

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.